



Viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang

Samningur um bitastraumsaðgang
milli Mílu hf.
og Fjarskiptafyrirtækis

Útgáfa 1.0

1. september 2013

Efnisyfirlit

1	Um samninginn	34
1.1	Aðilar	34
1.2	Markmið	34
1.3	Gildistaka	34
1.3.1	Nýr viðsemjandi.....	34
1.3.2	Samningur um bitastraumsaðgang nú þegar í gildi	34
1.4	Breytingar á samningi	34
1.5	Uppsögn	45
1.6	Viðaukar	45
1.7	Skilgreiningar	45
2	Þjónusta sem fylgin er í samningnum	67
2.1	Þjónusta samningsins	67
2.2	Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig	67
2.3	Tilkynningar vegna bilana	67
2.4	Misnotkun	67
2.5	Áætlanir	68
2.6	Viðurlög og frávik frá áætlunum.....	78
2.7	Tæknilegir skilmálar og hæfi	78
2.8	Takmörkun bitastraumsaðgangs	78
2.9	Upplýsingagjöf Mílu	89
3	Verðlagning	89
3.1	Verðmyndun	89
3.2	Verð og breytingar á verðskrá	89
3.2.1	Verðskrá	89
3.2.2	Gjaldmiðill.....	89
3.2.3	Verðbreytingar.....	89
3.3	Verðlagning til viðskiptavina.....	910
4	Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur	910
4.1	Grundvöllur uppgjörs.....	910
4.1.1	Uppgjörstímabil	910
4.1.2	Gjaldfærsla þjónustu	910
4.1.3	Gjaldfærsla annarrar þjónustu	910
4.2	Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur	910
4.2.1	Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna bitastraumsaðgangs.....	910
4.2.2	Gjaldfrestur.....	910
4.2.3	Greiðsluábyrgð	1011
5	Vanefndir.....	1011
5.1	Vanefndarúrræði.....	1011
5.1.1	Riftun vegna verulegrar vanefndar	1011
5.1.2	Skaðabætur	1012
5.1.3	Dráttarvextir	1112
5.1.4	Vanefndir sem teljast verulegar ef ekki eru gerðar úrbætur þrátt fyrir áskorun Mílu	1112
6	Takmörkun ábyrgðar.....	1112
7	Óviðráðanleg atvik.....	1112
8	Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði	1213
8.1	Upplýsingarskylda.....	1213
8.2	Höfundarréttarákvæði	1213
8.2.1	Almennt ákvæði.....	1213
8.2.2	Sérstakt ákvæði.....	1213
9	Þagnarskylda	1213
10	Greiðslutrygging.....	1314
11	Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila.....	1314
12	Breytingar á samningnum	1314
13	Fulltrúar aðila	1314
14	Lögsaga og lausn ágreiningsmála	1415

1 Um samninginn

1.1 Aðilar

Míla ehf., kt. 460207-1690, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, hér eftir nefndur Míla, og [fjarskiptafyrirtæki], [kt.], [heimili], hér eftir nefndur viðsemjandi, gera með sér svofelldan samning, um heildsöluaðgang viðsemjanda að bitastraumi, sem fer um efra tíðnisvið koparheimtauga, sem tengdar eru xDSL-þjónustu Mílu.

1.2 Markmið

Meginmarkmiðið með samningnum er að viðsemjanda bjóðist opinn aðgangur að sérstakri netaðstöðu tengdri koparheimtaugum á heildsölustigi. Netaðstaðan sem hér um ræðir er aðgangur að bitastraumi sem fer um efri tíðnihluta koparheimtauga. Er viðsemjanda þannig gert kleift að veita notendum sínum aðgang að ýmis konar bandbreiðri þjónustu. Umræddur heildsöluaðgangur er veittur, að uppfylltum þeim skilyrðum sem um heildsöluaðgang gilda (sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 8/2008) og í samræmi við nánari lýsingu m.a. í viðauka 2.

1.3 Gildistaka

1.3.1 Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki eru nú þegar með samning um bitastraumsaðgang við Mílu tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja samningsaðila undir samning þennan.

1.3.2 Samningur um bitastraumsaðgang nú þegar í gildi

Þegar í gildi er samningur um bitastraumsaðgang milli Mílu og viðsemjanda leysir nýr samningur/viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, þegar uppsagnarfrestur skv. grein 1.5 er liðinn, nema samningsaðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.

1.4 Breytingar á samningi

Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur milli Mílu og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjendur Mílu ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni

viðmiðunartilboðs/samnings til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Míla birtir „Viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang“ á vef sínum.

1.5 Uppsögn

Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Nú segir Míla upp samningi og skal hann þá samhliða birta nýjan samning sem tekur gildi um leið og hinn eldri fellur úr gildi.

1.6 Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.

Viðauki 1, Verðskrá Mílu
Viðauki 2, Tækniskilmálar
Viðauki 3 Þjónustustig Mílu
Viðauki 4 Tengistaðir ISAM / ASAM
~~Viðauki 5 Bráðabirgðaverð fyrir aðgangssleið 1~~
[Viðauki 6, Samtengingar v. A3](#)
[Viðauki 7a, VDSL+ á A3](#)
[Viðauki 7b, VDSL + á A1](#)
[SHDLS staðir](#)

Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.

Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.

1.7 Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í samningi þessum og við aukum eftir því sem við á:

- **ADSL:** (Asymmetric Digital Subscriber Line) ein tegund DSL samskiptatækni, sem gerir fært að flytja gögn yfir koparlínur, með meiri hraða en hægt er með hefðbundnu talbands mótalði.
- **VDSL:** (Very high speed Digital Subscriber Line) önnur tegund DSL samskiptatækni, sem gerir fært að flytja gögn yfir koparlínur með enn meiri hraða en mögulegt er með ADSL.
- **xDSL:** Samheiti sem nær yfir bæði ADSL og VDSL

- **DSLAM:** (Digital Subscriber Line Access Multiplexer) DSLAM er netbúnaður sem er venjulega staðsettur í sírstöðvum. Búnaðurinn móttækur merki frá mörgum viðskiptavinum (DSL línunum) og með fjölrásartækni kemur þeim áfram á háhraða bakbeins (e. backbone) net.
- **DSLAM-ASAM:** (ATM Subscriber Access Multiplexer) er DSLAM búnaður sem byggir á ATM tækni
- **DSLAM-ISAM:** (Intelligent Services Access Manager) er DSLAM búnaður sem byggir á IP/Ethernet tækni.
- **IP/MPLS net:** (Internet Protocol/Multi Protocol Label Switching). Netið samanstendur af jaðarbeinum, sem tengja fyrirtæki og þjónustur inn í netið (s.s. BRAS, Internetgátt) og kjarnabeinum, sem tengja saman jaðarbeinana. Stofnlínur í IP/MPLS-netinu eru yfirleitt frá 1Gb/s og upp í 10Gb/s.
- **ATM-net:** (Asynchronous Transfer Mode) ATM er skiptitækni sem skiptir gögnum niður í 53 bæta einingar og sendir þær yfir stafrænan miðil t.d. ljósleiðara. ATM-net er landsdekkandi kerfi sem samanstendur af ATM skiptum á helstu þéttbýlisstöðum landsins. Stofnlínur í netinu eru yfirleitt STM-1 (155 Mb/s) og upp í STM-4 (622 Mb/s).
- **BRAS:** (Broadband Remote Access Server) Er söfnunarpunktur fyrir umferð frá notendum í aðgangskerfinu (PPP umferð frá ASAM og ISAM). Í BRAS fer fram auðkenning notenda og þar er umferð þeirra beint inn á IP/MPLS-netið.
- **Fjarskiptafyrirtæki:** Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.
- **Fjarskiptanet:** Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla boðum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
- **Fjarskiptaþjónusta:** Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
- **Fjarskiptaumferð:** Fjarskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.
- **Internet:** Veraldarvefurinn. Samtengt net tölvukerfa um allan heim, byggt á TCP/IP samskiptastaðlinum.
- **Notandi:** Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu.
- **VP:** (Virtual Path) Sýndarbraut

2 Þjónusta sem fólgin er í samningnum

2.1 Þjónusta samningsins

Þjónustu Mílu sem fólgin er í samningnum er lýst í viðauka 3.

2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig

Viðsemjandi ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum, m.a. hvað varðar bilanagreiningu og aðra þjónustu vegna endabúnaðar þeirra. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Viðsemjandi innheimtir hjá eigin viðskiptavinum og stendur skil á greiðslum fyrir heildsöluaðgang sinn til Mílu.

Eftirtaldir þættir falla m.a. undir ábyrgð viðsemjanda (sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. (8/2008):

- Sölu- og markaðsstarfsemi, þ.m.t. kostnaður vegna magnafslátta til stærri viðskiptavina, búnaður, auglýsingar og markaðsefni.
- Reikningssambandi við viðskiptavini og fjármögnun viðskiptakrafna.
- Afskrift viðskiptakrafna.
- Fyrsta stigs þjónustu við viðskiptavini (þjónustuver, bilanagreining o.fl.).
- Upplýsingakerfi.
- Annar smásölu-kostnaður, þ.m.t. yfirstjórn, skrifstofa, laun og húsnæði.
- Samtenging neta.

2.3 Tilkynningar vegna bilana

Míla tilkynnir um kerfisbilanir í eigin neti. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.

2.4 Misnotkun

Aðilar leitist við að koma í veg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Skulu þeir strax upplýsa gagnaðila verði þeir varir við óeðlilega notkun eða umferð, sem bendir til misnotkunar á fjarskiptanetum.

2.5 Áætlanir

Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir, um áætlaðan fjölda tenginga á hverjum stað (símstöð) sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í októbermánuði ár hvert.

Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum fela í sér verulega breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Míla heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

2.6 Viðurlög og frávik frá áætlunum

Áætlanir um fjölda notenda (viðskiptavina viðsemjanda) með bitastraumsaðgang að kerfi Mílu skulu bornar saman við raunverulegan fjölda þeirra á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir (á hverjum stað) getur Míla ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.

Ef raunverulegur fjöldi bitastraumstenginga fer 50% undir áætlun er Mílu heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka til að tryggja áætlaða nýtingu.

Ef gerðar eru breytingar á áætlunum án þess að fyrirvari sé virtur, er Mílu ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.

2.7 Tæknilegir skilmálar og hæfi

Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Mílu, skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla er samkvæmt viðauka 2.

Mílu er heimilt að krefjast þess að viðsemjandi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur búnaðar sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Nú uppfyllir viðsemjandi ekki skilyrði skv. 1.-2. mgr. og getur Míla þá hafnað tengingu við búnað viðsemjanda að öllu leyti eða að hluta.

2.8 Takmörkun bitastraumsaðgangs

Mílu er heimilt að takmarka bitastraumsaðgang ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna uppfærslu kerfa, öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis kerfa Mílu. Tilkynna skal um slíka takmörkun fyrirfram ef því verður komið við. Aðeins skal takmarka bitastraumsaðgang fyrirvaralaust ef brýna nauðsyn ber til, sjá nánar Viðauka 2, gr. 3.3.

2.9 Upplýsingagjöf Mílu

Viðsemjanda Mílu ber að fá upplýsingar um hvaða aðra þjónustu en þá sem viðsemjandi veitir, einstaka xDSL tengingar eru nýttar í. Í því felst að viðsemjandi sé upplýstur um hvaða tengingar eru jafnframt nýttar til flutnings talþjónustu eða myndefnis, ásamt þeim tæknilegu kröfum (s.s. QoS og bandbreidd) sem slíkur flutningur gerir til viðkomandi tengingar.

3 Verðlagning

3.1 Verðmyndun

Bitastraumsaðgangur er verðlagður samkvæmt viðauka 1. Verð eru háð þeirri tegund aðgangs, sem viðsemjandi óskar, (sjá nánar bls. 1 í viðauka 2). Viðsemjandi ber auk þess kostnað sem tilfellur vegna tengingar við kerfi Mílu. Skal sá áfallni kostnaður sem vísað er til hér að framan vera sannanlegur, eðlilegur og í samhengi við umfang áætlana viðsemjanda.

3.2 Verð og breytingar á verðskrá

3.2.1 Verðskrá

Verð fyrir bitastraumsaðgang og aðra þjónustu (sbr. viðauka 3), er tilgreint í viðauka 1.

3.2.2 Gjaldmiðill

Verð eru tilgreind í íslenskum krónum án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma um virðisaukaskatt.

3.2.3 Verðbreytingar

Míla getur gert verðbreytingar á bitastraumsaðgangi og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara. Undir slíkar breytingar flokkast þó eingöngu breytingar á umsömdum gjaldaliðum sem verið hafa í gildi og tilgreind í verðskrá Mílu. Um nýja gjaldaliði eða aðrar efnisbreytingar skal fara skv. ákvæðum í gr. 1.4

3.3 Verðlagning til viðskiptavina

Viðsemjandi ber ábyrgð á verðlagningu til eigin viðskiptavina.

4 Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur

4.1 Grundvöllur uppgjörs

4.1.1 Uppgjörstímabil

Uppgjörstímabil fyrir þjónustu skv. samningi þessum milli viðsemjanda og Mílu, miðast við almanaksmánuð.

4.1.2 Gjaldfærsla þjónustu

Gjaldfært er fyrir mismunandi aðgangsléiðir og stærð tenginga (Mb/s).

4.1.3 Gjaldfærsla annarrar þjónustu

Gjaldfærsla fyrir aðra þjónustu en bitastraumsaðgang er samkvæmt viðauka 1.

4.2 Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur

4.2.1 Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna bitastraumsaðgangs

Reikningaútskrift fyrir bitastraumsaðgang skal byggð á gögnum um fjölda tenginga í hverri aðgangsléið.

4.2.2 Gjaldfrestur

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 2. dag næsta mánaðar þar á eftir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

4.2.3 Greiðsluábyrgð

Míla áskilur sér rétt til að krefjast þess að viðsemjandi láti í té greiðsluábyrgð sem samræmist fjárhæð sem nemur áætluðum mánaðargjöldum fyrir bitastraumsaðgang viðsemjanda þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meiri en áætluð notkun getur Míla óskað eftir hækkun á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.

5 Vanefndir

Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar.

5.1 Vanefndarúrræði

5.1.1 Riftun vegna verulegrar vanefndar

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað:

- a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, tæknilega eða viðskiptalega eins og þær koma fram í samningnum;
- b) ef gagnaðili óskar eftir eða fær heimild til greiðslustöðvunar, leitar eftir eða fær heimild til nauðasamningsumleitana, eða farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða
- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Vanskil teljast alltaf veruleg vanefnd ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.

5.1.2 Skaðabætur

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

5.1.3 Dráttarvextir

Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegir dráttarvextir, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.

5.1.4 Vanefndir sem teljast verulegar ef ekki eru gerðar úrbætur þrátt fyrir áskorun Mílu

Viðsemjandi, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, og ekki er um að ræða vanefndir sem um getur í 5.1.1. gr., hefur rétt til að bæta þar úr innan frests, sem honum er settur af hálfu Mílu í því skyni að viðlagðri riftun. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera það ljóst með öðrum hætti. Bæti viðsemjandi ekki úr tilgreindum vanefndum innan hins veitta frests telst vanefndin veruleg og er Mílu þá heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.

6 Takmörkun ábyrgðar

Míla ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna.

7 Óviðráðanleg atvik

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

8 Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði

8.1 Upplýsingarskylda

Hvorum aðila ber að veita gagnaðila aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um tæknileg atriði sem nauðsynleg eru við framkvæmd samningsins.

8.2 Höfundarréttarákvæði

8.2.1 Almenn ákvæði

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

8.2.2 Sérstakt ákvæði

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

9 Þagnarskylda

Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi, Póst- og fjarskiptastofnun eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

10 Greiðslutrygging

Mílu er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir viðsemjanda um bitastraumsaðgang.

11 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Viðsemjanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis Mílu.

Þó er viðsemjanda heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til Mílu að það taki á sig allar skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.

12 Breytingar á samningnum

Hvor samningsaðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.

13 Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega.

Allar orðsendingar viðvirkjandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða viðaukum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

Míla ehf.: xxxxxxxxxxxxxxx

Fjarskiptafyrirtæki hf. (viðsemjandi) : xxxxxxxxxxxxxxx

14 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.]

Míla ehf.

[Fjarskiptafyrirtæki hf.].
